

Fimmtudaginn 18. september 1997.

Nr. 387/1996.

Jón Hjörleifsson

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.) **og**

Bújöfur ehf.

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

Verkfræðistofunni Burði ehf.

(Jón Halldórsson hrl.)

Verksamningur. Greiðsluábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandinn Jón Hjörleifsson skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1996. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Bújöfur ehf. skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1996. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnda og að greiðsluskyldu áfrýjenda verði skipt jafnt milli þeirra eða í öðrum hlutföllum, sem Hæstiréttur ákveði. Í því tilviki krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Meðal gagna málsins er samningur Jóns Hjörleifssonar við finnskt fyrirtæki 14. janúar 1994 um kaup hins fyrrnefnda á tilsníðnu byggingarefni í bjálkahús. Hafði hinn finnski viðsemjandi hans sent tilboð um sölnu einum mánuði áður, sem stílað var á Bújöfur ehf., og voru kaupin í aðalatriðum reist á því. Var meðal annars tekið fram í tilboðinu, að allt efni og gæði skyldu vera eins og venja væri til á Íslandi.

Vegna kröfu stefnda um greiðslu fyrir veitta verkfræðiþjónustu sína reis síðar ágreiningur milli kaupanda og seljanda bjálkahússins um, hvað í þessu ákvæði fælist. Í símbréfi frá finnska seljandanum

21. desember 1994 kemur fram sú afstaða hans, að hann hafi aldrei samþykkt að greiða kostnað vegna viðskiptanna, sem stofnað yrði til á Íslandi. Þá hafi hann ekki gert neinn samning við stefnda og hafnaði því að greiða reikning fyrir þjónustu hans.

II.

Stefndi reisir kröfur sínar á hendur áfrýjandanum Jóni meðal annars á því, að hann hafi óskað eftir vinnu stefnda við verkfræðistörf, til að húsið mætti fá viðurkenningu íslenskra byggingaryfirvalda. Hefur stefndi jafnframt skýrt svo frá, að þessi áfrýjandi hafi frá upphafi bent á finnska seljandann sem greiðanda fyrir verkið. Hafi áfrýjandinn vísað til þess, að seljandi hafi með samningi sínum við áfrýjanda skuldbundið sig til að greiða kostnað af störfum stefnda. Kveðst stefndi ekki hafa séð ástæðu til að vefengja þetta, þótt áfrýjandi hafi ekki sýnt honum þann samning, sem hann taldi sig hafa gert við seljanda um greiðsluskyldu hans.

Í tveimur símbréfum áfrýjandans Jóns til seljanda vörunnar kemur fram afdráttarlaus viðurkenning hans á því að hafa óskað eftir því við stefnda, að hann innti vinnu sína af hendi. Einnig er óumdeilt, að hann kvað finnska seljandann eiga að greiða, og vísaði til samnings þess efnis. Eftir að málið var höfðað, varð hins vegar ljóst, að ekki var öðru sammingsákvæði til að dreifa en því, sem áður getur og lýtur að loforði seljandans um, að allt efni og gæði skyldu vera eins og venja væri til hér á landi. Verður ráðið, að staðhæfingar áfrýjandans um greiðsluskyldu seljanda hafi byggst á skilningi hans sjálfs á sammingsákvæðinu, án þess að áður hafi verið leitað eftir því, hver skoðun seljanda væri á málefninu. Mátti áfrýjandinn þó gjörla vita við þessar aðstæður, að ekki væri unnt að treysta því, að seljandi féllist á skilning hans um, að greiðsluskuldbinding væri fyrir hendi gagnvart stefnda vegna þessa ákvæðis kaupsammingsins. Engu að síður óskaði hann eftir vinnu stefnda og lét að auki viðgangast, að henni yrði haldið áfram, eftir að hann fékk í hendur bréf seljanda 14. júní 1994, þar sem krafist var hækkunar á söluverði vegna viðbótarkostnaðar, sem hafi fylgt því að gera húsið úr garði, svo að fullnægjandi væri eftir íslenskum reglum. Er ekkert heldur komið fram um, að hann hafi þá skýrt stefnda frá þessari afstöðu seljanda.

Þegar þessa er gætt, þykir áfrýjandinn Jón ekki geta borið fyrir

sig fyrirvara í verkbeiðni sinni um, að annar en hann skyldi greiða fyrir vinnu stefnda. Er þá jafnframt litið til þess, að almennt skuli sá, sem biður um verk, greiða sjálfur fyrir það. Með háttsemi sinni hefur hann bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart stefnda, og er málsástæða hins síðarnefnda, sem á þessu er reist, nægilega snemma fram komin. Verður að þessu virtu fallist á, að greiðsluskylda áfrýjandans Jóns Hjörleifssonar sé fyrir hendi.

III.

Krafa stefnda á hendur áfrýjandanum Bújöfri ehf. er aðallega á því reist, að hann hafi ásamt Jóni Hjörleifssyni óskað eftir því, að stefndi léti í té þá vinnu, sem liggur að baki kröfu hans í málinu. Þótt ljóst sé, að forráðamaður Bújöfurs ehf. hafi verið í beinu sambandi við stefnda og fylgst með störfum hans í þágu Jóns Hjörleifssonar, er ósannað gegn eindreginni neitun hans, að Bújöfur ehf. hafi með beinum hætti óskað eftir vinnuframlagi stefnda eða að þáttur hans í málinu hafi með réttu mátt gefa stefnda tilefni til að telja hann vera verkbeiðanda. Getur krafa stefnda ekki náð fram að ganga á þessum grundvelli.

Stefndi reisir kröfu sína á hendur áfrýjandanum Bújöfri ehf. enn fremur á því, að forráðamaður félagsins hafi fyrir þess hönd veitt skilyrðislausu ábyrgð fyrir greiðslu á vinnu hans, fengist hún ekki greidd hjá seljanda vörunnar. Framburður eiginkonu Jóns Hjörleifssonar fellur ekki að öllu leyti saman við staðhæfingar stefnda um þau orð, sem stefndi telur forráðamann Bújöfurs ehf. hafa látið falla um þetta á fundi þeirra í maí 1994, er rætt var um greiðslu fyrir störf hans. Gegn andmælum þessa áfrýjanda brestur stefnda sönnun um, að ábyrgð hins fyrrnefnda hafi verið óháð því, hvort hinn finnski seljandi hafi skuldbundið sig við Jón Hjörleifsson til að bera kostnað af þessum störfum stefnda.

IV.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt öllu framansögðu sú, að fallist er á kröfur stefnda gegn áfrýjandanum Jóni Hjörleifssyni, en þó þannig, að dráttarvextir verða ekki dæmdir fyrir en frá birtingu héraðsdómsstefnu 20. október 1995, enda liggur ekki fyrir, að kröfu hafi verið beint að honum fyrir en þá. Verður honum enn fremur

gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn sameiginlega, eins og segir í dómsorði.

Áfrýjandinn Bújöfur ehf. skal vera sýkn af kröfum stefnda í málinu. Rétt þykir, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af rekstri málsins þeirra á milli.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi Jón Hjörleifsson greiði stefnda, Verkfræðistofunni Burði ehf., 640.591 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. október 1995 til greiðsludags og 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Bújöfur ehf. er sýkn af kröfum stefnda. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti milli þeirra fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. júlí 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 10. október sl. og birtri 20. og 23. október sl.

Stefnandi er Burður hf., kt. 610678-0419, Akraseli 31, Reykjavík.

Stefndu eru Bújöfur hf., kt. 620293-2379, Síðumúla 23, og fyrir þess hönd stjórnarformaðurinn Þorgeir Örn Elíasson, kt. 020238-2169, Keilufelli 47, Reykjavík, og Jón Hjörleifsson, kt. 250649-4529, Ásvallagötu 14, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda er þær, að stefndu verði gert að greiða in solidum 640.591 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 21. 10. 1994 til greiðsludags. Gerð er krafa um, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. 10. 1995, og síðan reiknist vextir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta auk málskostnaðar að mati réttarins.

Aðalkrafa stefnda Bújöfurs var sú, að máli þessu yrði vísað frá dómi. Munnlegur flutningur fór fram um kröfuna 11. apríl sl., en með úrskurði, upp kveðnum 14. maí sl., var frávísunarkröfunni hafnað. Dómkröfur stefnda Bújöfurs eru því aðallega þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara eru þær dómkröfur gerðar, að stefnukröfur verði lækkaðar stórlega og ábyrgð stefndu á greiðslu kröfunnar verði pro rata í jöfnum hlutföllum. Þá krefst stefndi Bújöfur hf. málskostnaðar að skaðlausu, verði á aðalkröfu fallist, en málskostnaður verði felldur niður, ef fallist verði á varakröfu.

Dómkröfur stefnda Jóns Hjörleifssonar eru þær, að stefndi verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður auk virðisaukaskatts.

Málavextir eru þeir, að stefnandi reisir kröfu sína á reikningi nr. 150, dagsettum 21. október 1994, stíluðum á Metsa Serla OY, Rantasalmi, vegna verkfræðivinnu, að fjárhæð 35.380 finnsk mörk. Er sú fjárhæð án virðisaukaskatts, enda um erlendana aðila að ræða. Er krafan sundurliðuð þannig, að miðað við sölugengi finnsks marks 21. október 1994 sé fjárhæðin 514.531 króna og að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti sé stefnufjárhæðin 640.591 kr. Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu, að 11. mars 1994 hafi Þorgeir Örn Elíasson hjá stefnda Bújöfri hf. haft samband við stefnanda og óskað eftir því, að hann ynni að teikningum og annarri verkfræðivinnu við að fá bjálkahús frá Rantasalmi Metsa Serla í Finnlandi viðurkennt hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en stefnandi taldi stefnda Bújöfur hf. vera umboðsaðila finnska fyrirtækisins. Hafi Þorgeir óskað eftir vinnu stefnanda og spurt um verðhugmyndir, en jafnframt tekið fram, að kaupandi hússins myndi greiða fyrir vinnuna. Hafi stefndi Jón Hjörleifsson haft tal af stefnanda, en stefndi Jón var kaupandi hússins og flutti það inn. Kvað stefnandi hann hafa óskað eftir verkfræðivinnunni, en jafnframt tekið fram, að framleiðandi hússins í Finnlandi ætti að greiða fyrir vinnuna samkvæmt samningi hans við Metsa Serla um kaup á bjálkahúsi, dagsettum 14. janúar 1994. Stefnandi kvað stefndu, Þorgeir og Jón, og konu hans, Sigrúnu Ágústsdóttur, hafa komið á fund sinn 16. mars 1994, og hafi stefndi Jón þá lýst yfir því, að finnska fyrirtækið myndi greiða fyrir vinnuna. Á fundi stefnanda og stefndu, Þorgeirs og Jóns, og áður nefndrar Sigrúnar hafi stefndi Þorgeir lýst yfir því, að hann myndi ábyrgjast greiðslu reikningsins, ef Rantasalmi Metsa Serla greiddi hann ekki. Hinn 21. október 1994 gaf stefnandi út reikninginn og stílaði hann á finnska fyrirtækið í finnskum gjaldmiðli, en án virðisaukaskatts. Stefnandi hafi síðan sent reikninginn til Finnlands í desember 1994, en Rantasalmi Metsa Serla hafi neitað greiðsluskyldu og sagst ekki hafa samþykkt að greiða neinn kostnað á Íslandi.

Stefndi Bújöfur hf. mótmælir lýsingu málsatvika í stefnu og segir það rangt, að hann hafi óskað eftir umræddri verkfræðivinnu. Hann hafi eingöngu haft samband við stefnanda um hugsanlega vinnu fyrir stefnda Jón Hjörleifsson. Hafi stefndi Bújöfur hf. aldrei viðhaft nein orð um greiðslu fyrir þessa vinnu og aldrei gefið stefnanda í skyn, að finnska fyrirtækið ætti að greiða fyrir vinnuna. Þá kvaðst stefndi ekki vera umboðsmaður Rantasalmi Metsa Serla, heldur hafi hann unnið að tilboðsöfnun fyrir fyrirtækið og enga heimild haft til að gera samninga í nafni þess við þriðja aðila. Þá mótmælti stefndi Bújöfur því sérstaklega að hafa gengið í ábyrgð á greiðslu

reikningsins, en á fundi 24. maí 1994 hafi Þorgeir lýst yfir, að stefndi myndi sjá til þess, að finnska fyrirtækið greiddi reikninginn, hafi slíkur samningur verið gerður við stefnda Jón. Hafi stefndi Jón margsinns gefið þá yfirlýsingu og vísað til samnings þar að lútandi, sem ekki hafi fundist.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfu sína á reikningi fyrir verkfræðivinnu, sem stefndu hafi óskað eftir. Jafnframt liggja fyrir munnleg yfirlýsing Þorgeirs Arnar, stjórnarformanns stefnda Bújöfurs hf., þar sem hann ábyrgist greiðslu reikningsins. Stefndi Jón hafi tilgreint finnska fyrirtækið sem greiðanda, sem síðar neitar greiðslu. Stefndi Jón sé kaupandi hússins og beinn samningsaðili við framleiðanda þess, og auk þess flutti hann húsið inn. Hann hafi greitt andvirði hússins beint til finnska framleiðandans, og hafði hann fjárhagslegan ávinning af því, að verkfræðivinnan væri innt af hendi. Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga, sbr. l. nr. 39/1922, og vísar til grunnraka 5. gr. laganna svo og til l. nr. 7/1936. Þá vísar stefnandi til almennra reglna í verk-takarétti og reglna um umboð. Stefnandi miðar við það, að sá, sem kemur fram sem umboðsmaður annars aðila, ábyrgist, að hann hafi nægilegt umboð, og skal hann bæta þriðja manni það tjón, sem hann verður fyrir við það, að gerningnum verði eigi beitt gegn þeim aðila, sem sagður var vera umbjóðandi, sbr. 25. gr. samningalaga nr. 7/1936. Stefnandi vísar til laga nr. 91/1991 og reisir kröfu um málskostnað á l. mgr. 130. gr. laganna, og kröfu um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxta-laga nr. 25/1987.

Við munnlegan flutning málsins hélt stefnandi því fram, að munnlegur samningur hefði komist á með stefnanda og stefndu. Verði talið, að svo hafi ekki verið, hafi stefndu með framferði sínu valdið tjóni, sem þeim beri að bæta samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Stefndi Bújöfur hf. vísar til þess, að ósannað sé, að stefndi hafi óskað eftir umræddri verkfræðivinnu. Þá sé það misskilningur, að stefndi sé umboðsmaður finnska fyrirtækisins. Þá er því fram haldið, að stefndi hefði aldrei gefið ábyrgðaryfirlýsingu, fengist greiðsla ekki frá finnska fyrirtækinu. Hafi einungis verið boðin fram aðstoð við að fá reikninginn greiddan, ef stefndi Jón hefði samning þess efnis. Þá hafi ekki verið látið reyna á greiðsluskyldu Rantasalmi Metsa Serla fyrir dómstólum. Verði ekki fallist á sýknukröfu, gerir stefndi Bújöfur þá kröfu, að stefnukröfur verði lækkaðar stórlega. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein önnur gögn um umfang vinnu sinnar en reikninginn, og er honum mótmælt sem of háum og órökstuddum. Stefndi heldur því fram ex tuto, að reikningurinn sé ósanngjarn, sbr. 5. gr. l. nr. 39/

1922. Þá krefst stefndi Bújöfur þess, verði stefndu dæmdir til greiðslu reikningsins, að ábyrgð á greiðslu þeirrar fjárhæðar verði skipt jafnt. Sé óeðlilegt í ljósi þess, að stefnandi gekk ekki í það að tryggja með sannanlegum hætti, hver skyldi greiða reikninginn, að stefnandi njóti solidarískrar ábyrgðar stefndu. Stefndi mótmælti málsástæðu stefnanda um beitingu almennra reglna skaðabótaréttarins, er fram kom við munnlegan málflutning, sem of seint fram kominni.

Stefndi Jón reisir sýknukröfur sínar á því, að það verk, sem unnið var af stefnanda, hafi ekki verið unnið fyrir sig og hann því ekki verið verkbeiðandi. Verkið hafi verið unnið fyrir finnska fyrirtækið fyrir meðalgöngu íslenska umboðsaðilans Þorgeirs vegna stefnda Bújöfurs hf. Stefndi hafi verið að kaupa hús frá Finnlandi, sem átti að fullnægja öllum kröfum íslenskra byggingaryfirvalda. Þá neitar stefndi Jón því, að hann hafi komið fram sem umboðsmaður, og eigi því 25. gr. samningalaga nr. 7/1936 ekki við um sig. Stefndi Jón styður kröfu um málskostnað við 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Kröfu um virðisaukaskatt reisir hann á l. nr. 50/1988. Stefndi Jón sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnanda. Stefndi mótmælti málsástæðu stefnanda um beitingu almennra reglna skaðabótaréttar, er fram kom við munnlegan málflutning, sem of seint fram kominni.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóminn til skýrslugjafar stefnandi, Hjörtur Hansson, kt. 150946-4929, og Þorgeir Örn Elíasson, stjórnarformaður stefnda Bújöfurs, og stefndi Jón Hjörleifsson. Þá kom fyrir dóminn sem vitni eiginkona stefnda Jóns, Sigrún Ágústsdóttir, kt. 190950-2719.

Forsendur og niðurstaða.

Sú málsástæða stefnanda, sem fyrst var hreyft við munnlegan flutning málsins, að verði talið, að munnlegur samningur hafi ekki komist á með stefnanda og stefndu, hafi stefndu með framferði sínu valdið tjóni, sem þeim beri að bæta samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, er of seint fram komin og kemur ekki til álita.

Í máli þessu er upplýst, að stefnandi hófst handa um verkfræðivinnu eftir viðræður við stefndu Bújöfur hf. og Jón. Nægilega er upplýst, að stefndi Jón stóð í þeirri trú, að finnska fyrirtækið myndi greiða reikning vegna vinnunnar, og var stefnanda þetta ljóst. Stefnanda og stefnda Bújöfur hf. greinir á um efni ábyrgðaryfirlýsingar Þorgeirs, og telur stefnandi, að Þorgeir hafi gengið í ábyrgð fyrir greiðslu reikningsins, fengist ekki greiðsla frá Rantasalmi Metsa Serla, en Þorgeir segist einungis hafa gefið yfirlýsingu þess efnis, að hann myndi sjá til þess, að RMS greiddi reikninginn, ef sýnt yrði fram á, að stefndi Jón hefði gert samning við finnska fyrirtækið þess efnis.

Það er álit dómsins, að stefndu hafi báðir komið fram gagnvart stefnanda sem verkkaupar, stefndi Bújöfur sem málsvari finnska fyrirtækisins og stefndi Jón sem kaupandi hússins, og þurfi stefnandi ekki að bera hallann af því, að stefndu hafi ekki tekist að fá finnska fyrirtækið til þess að viðurkenna greiðsluskyldu sína. Þykja stefndu því, eins og samningsstöðu þeirra gagnvart stefnanda var hátað, eiga að bera solidaríska ábyrgð á greiðslu verkkaupsins. Þar sem eigi hefur verið sýnt fram á, að reikningur stefnanda sé ósanngjarn, ber með vísan til grunnraka 5. gr. laga nr. 39/1922 að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 150.000 krónur samtals.

D ó m s o r ð :

Stefndu Bújöfur hf. og Jón Hjørleifsson greiði stefnanda, Burði hf., in solidum 640.591 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 21. október 1994 til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 21. október 1995.

Stefndu greiði stefnanda samtals 150.000 krónur í málskostnað.
